

Lögreglusamþykkt fyrir Fjarðabyggð

I. KAFLI Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri

Regla og næði

1. gr.

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fari um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

2. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

3. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi. Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun, hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

6. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess. Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur.

Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri

7. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirk og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns og samþykki umhverfismálanefndar. Slíkar auglýsingar skal fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er þeim sem setti þær upp skylt að bæta úr spjöllum sem uppsetning eða brott nám auglýsinga kann að hafa valdið, sbr. 41. gr. samþykktar þessarar.

Leyfi umhverfismálanefndar þarf til að setja upp fóst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar. Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tililt skal tekið til nábyllis- eða grenndarréttar. Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

8. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu. Ekki má fara í hilyli manna í soluendum, ef húsráðandi leggur við því bann.

9. gr.

Í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit og ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lyti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærrí hluti svo sem kerrur, bíla, bílhluta, báta, skipsskrokka o. fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bílflok að undangenginni tilkynningu, t.d. birtingarvottorði eða ábyrgðarbréfi þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmir ef hættu eða mengun o.s.frv. stafar af.

Bílflokkum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Fjarðabyggðar í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggja fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um forgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um forgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna tóku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. 41. gr. samþykktar þessarar. Þá skal og heimilt að selja nýtílega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna tóku og geymslu þeirra, sbr. 41. gr. samþykktar þessarar.

10. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnireglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

11. gr.

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti visast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 15/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

12. gr.

Um búfjárhald og lausagöngu búfjár fer eftir samþykkt um búfjárhald í Fjarðabyggð og heilbrigðisreglugerð varðandi búfjárhald í þéttbýli nr.149/1990. Um hunda- og kattahald hunda fer eftir samþykkt um hunda- og kattahald í Fjarðabyggð.

Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o. fl.

13. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif og gluggaþvott, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrífum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í gotubrunna og goturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. olíum, spilliefnum o.s.frv.

Húseigandi eða umráðamaður skal halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum bæjarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri og hamlar umferð vegfarenda eða tálmar útsýni við gatnamót. Gróður s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstiga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstig, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af umhverfismálanefnd Fjarðabyggðar og kynntar með tryggilegum hætti. Hliti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 41. gr. samþykktar þessarar.

14. gr.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsað sé upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra, lóðir, aðliggjandi gotur eða torg.

15. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópþingur, útifundi og því um líkt í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

16. gr.

Á almannafæri má ekki ganga með logandi blys eða kveikja í bálkóstum, nema með leyfi lögreglustjóra og slökkviliðstjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra og slökkviliðstjóra til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á s.s. um áramót eða á þrettándanum.

Eigi má bera hlaðnar byssur í þéttbýli á almannafæri. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá því t.d. vegna eyðingar vargfugls og villtra dýra, svo og á sérstökum æfingarsvæðum sérstaklega merktum og samþykktum af lögreglustjóra.

17. gr.

Ef is á vötnum eða tjörnum er ötryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á ísinn og látið setja upp viðvörunarmerki.

18. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg bæjarfélagsins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjarstjórnar. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvarðar um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmí verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um gotur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvornig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftr fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um

goturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, sbr. 41. gr. samþykktar þessarar.

19. gr.

Hvers kyns taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er almennt óheimil innan bæjarfélagsins, þ.m.t. í fjörum, nema með samþykki bæjarstjórnar.

20. gr.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er bönnuð innan bæjarfélagsins nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og bæjarstjórn visar á til þeirra nota.

21. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbýgt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirætlum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlæggt eða rífið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hústæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði.

Áður en hús er rífið skal veðhöfum tilkynnt það með a.m.k. viku fyrirvara.

22. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu löða, grundvoll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi umhverfismálanefndar, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hverskonar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsynilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirætlum byggingaryfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein, sbr. 41. gr. samþykktar þessarar og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

II. KAFLI

Um okutækni, umferð o.fl.

23. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannaferi.

24. gr.

Vöru- og flutningabifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópibifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúshverfum eða almennum bifreiðastæðum bæjarfélagsins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna, hestaflutningsvagna og þess háttar tækja á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

25. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vorubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

26. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, fjór hjóla, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í Fjarðabyggð og á öðrum þeim svæðum í stjórnáskráðum sveitarfélagsins, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega, nema með leyfi lögreglustjóra. Við slíkar undanþágu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan eða ónæði fyrir íbúa. Hámarks hraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

27. gr.

Óheimilt er að skilja okutækni eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin. Jafnframt er óheimilt að láta vélar kyrrstæðra okutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á. Regla þessi á ekki við um okutækni lögreglu, slökkviliðs o.þ.h.

28. gr.

Innan þéttbýlis eru almenn ákvæði um hámarks hraða 50 km á klst. Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum bæjarstjórnar, ákveðið annan hámarks hraða á einstökum götum eða bæjarhverfum.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaga og reglugerðum þeim sem settar verða skv. lögum um notkun bifreiða.

29. gr.

Þeir, sem flytja hvers konar farm um götur bæjarfélagsins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannaferi við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

30. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðar eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem byggingarnefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Byggingarnefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

31. gr.

Börn yngri en fimmtán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólastautum, renna sér á skíðum, sledum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og videigandi hlífðarbúnað.

Á götum bæjarins, eða þar sem hættu getur stafað að, má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum, nema með samþykki lögreglustjóra.

III. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og önnur opinber skilti

32. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignum.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri og eftir atvikum bókstofum eða nafni þar sem það á við, á götuhlíð eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til gloggvunar.

Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

33. gr.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan stjórnáskráðum Fjarðabyggðar, að viðlögðum sektum eða fangelsi, allt að sex mánuðum, sbr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu bæjarfélagsins, að viðlögðum sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 2. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. KAFLI

Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur

34. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannaferi. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirælli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

35. gr.

Skemmtanir er heimilt að hafa frá kl. 06.00 til 03.00 á föstudögum og laugardögum. Aðra daga er heimilt að hafa skemmtanir frá kl. 06.00 til 01.00. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Bæjarstjórn getur ákveðið annan opnunartíma en um ræðir í 1. mgr., til lengingar eða til styttingar.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólahringinn.

36. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

37. gr.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki er heimilt er að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Bæjarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum, ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

38. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 14 ára aðgang að leiktækjum og börnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur að sofnumarkössum. Miðað skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja- spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 - 23.30 daglega.

V. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

39. gr.
Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnáskilum Fjarðabyggðar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, lögum um meðferð skotvopna, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.s.frv.

40. gr.
Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála. Hagnaður sá, sem sakborningur kann að hafa haft af athæfi sinu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð. Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess, sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

41. gr.
Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt þessari lögreglusamþykkt, má lögrelustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögrelustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið en bónuð er með lögreglusamþykkt þessari eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað, greiðist hann úr ríkissjóði.

42. gr.
Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að oðlast þegar gildi og birtist til eftirbreyttni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Lögreglusamþykkt þessi gildir í stjórnáskilum sýslumannsins í Neskaupstað og í stjórnáskilum sýslumannsins á Eskifirði þar sem við á.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 8.4.1999, nr. 325/1999
Guðmundur Bjarnason
bæjarstjóri